

skjölum í öðru máli, sem áður hefur komið hjer fyrir rjettinn, þótt málin sjeu bæði af sömu rót runnin.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu. Undirdómarinn Franz sýslumaður Siemsen og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 kr. upp í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að för að lögum.

Nr. 18/1891:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen og merkjadómendum, sýslumanni Franz Siemsen og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði Runólfssyni og Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Sakir ágreinings um landamerki milli Laugarness og Bústada í Seltjarnarnesshreppi höfðaði bæjarstjórnin í Reykjavík, sem umráðandi hinnar fyrnefndu jarðar; merkjamál gegn eiganda Bústada, hinum stefnda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, og var dómur uppkveðinn í málinu í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 28. júní f. á. Þessum landamerkjadómi var áfrýjað, og

var hann þá með dómi yfirrjettarins 8. des. 1890 felldur úr gildi, og málinu heimvísað, fyrir þá skuld, að landamerkjadómurinn hafði eigi tekið nægilegt tillit til nokkurra vitnisburða, er fram komu í málinu, og sem álitust af yfirdóminum gefa fulla sönnun fyrir því, hvar »Klofningssteinar«, sem er eitt aðalmerki í þessu landamerkjamáli, væru, og fyrir aðalstefnu merkjanna upp og norður frá þeim. Hinn 31. des. f. á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu afhent skjöl málsins ásamt áður nefndum yfirrjettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafizt, að merkjadómurinn nú aptur kvæði upp dóm um þessa merkjaþrætu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir fyr en 11. maímán. þ. á., og var þá uppkveðinn dómur í sökinni af nýju á þá leið, að málinu var vísað frá merkjadóminum, og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða 14 kr. í málskostnað. Í dóminum er tilgreint sem ástæða fyrir úrslitum málsins, »að merkjadómurinn verði að vera þeirrar skoðunar, að hinn sami dómur, eptir almennum rjettarfarsreglum, hvorki hafi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess. Þessum merkjadómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. maí þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu heimvísað til löglegrar dómsáleggingar í aðalefninu á kostnað dómenda, að dómendurnir í merkjadóminum verði að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið aptur til meðferðar innan hæfilegs frest, t. d. 8 daga, að þeir verði dæmdir í sektir fyrir rjettarneitun og mótpróa, og hver um sig látnir sæta 200 kr. sekt fyrir óhæfilegan drátt á dóms-

uppsögn, og loks, að dómendurnir verði annaðhvort in solidum, eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen, dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins með 100 kr., eða eptir rjettarins mati.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen, sem er stefndur í máli þessu, hefur krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn saka, að mótparturinn verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins, og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Hinir stefndu dómendur hafa einnig krafizt þess, að þeir verði algjörlega sýknaðir í málinu, og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Samkvæmt landamerkjaloögunum 17. marzmán. 1882 er það lögmætt, að yfirrjettur ónýti dómsúrskurð landamerkjadóms, og heimvísi honum, sökum lögleysu að efni til. Um leið og yfirdómurinn samkvæmt þessum lögum ómerkti og heimvísaði merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, þeim sem hjer um ræðir, var ítarlega tekið fram, hver lögleysan í dómnnum var, og með því gefin nægileg leiðbeining um, hvernig merkjadómurinn ætti að fara með þetta málsatvik við dómsuppsögn af nýju. Þar sem nú merkjadómurinn allt að einu eigi hefur farið eptir þessari leiðbeiningu, en vísað málinu frá sjer, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og skylda merkjadómendurna til að dæma málið í adalefninu, en þó pykir eigi ástæða til þess að ákveða dómendunum frest til þessa nje leggja þvingunarsektir við eptir kröfu áfrýjanda.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri málsins fallið frá kröfu sinni um sekt á hendur dómendum í undirrjettinum fyrir drátt á dómsuppsögn, mótpróa.

o. s. frv., og á hinn bóginn er eigi ástæða til þess, að leggja þessa sekt á tjeða dómendur ex officio.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 kr., og greiðist af landamerkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda, kaupmanns Thomsens, virðist eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðal-efninu. Undirdómarinn, Franz sýslumaður Siensen, og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 krónur upp í málskostnað innan 8 vikna frá lög- birting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. septembermánaðar.

Nr. 13/1891:

Gísli Gíslason

gegn

sóknarnefndinni í Mosfellssveit.

(Lágafellssókn).

Dómur:

Fyrir fám árum síðan var byggð ný kirkja á Lágafelli, sem hlutadeigandi söfnuður tók að sjer umráðin yfir, og var síðan afráðið að gjöra þar einnig grafreit. Sóknarnefndin fjekk því útvísun hjá eiganda Lágafells fyrir kirkjugarðsstæði, en útvísunin var bundin því